

Skrifstofa Alþingis
Nefndasvið
Austurstræti 8-10
150 REYKJAVÍK

Alþingi
Erindi nr. P 138/35
komudagur 29.10.2009

Reykjanesbæ,
29 október 2009
Tilvísun: 2007110237

Efni: Tillaga til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu. Þskj. 11 - 11. mál

Á fundi bæjarráðs Reykjanesbæjar 29. október 2009 var til afgreiðslu erindi Umhverfisnefndar Alþingis dags. 22. október sl. þar sem óskað er umsagnar um tillögu til þingsályktunar um afturköllun á ákvörðun umhverfisráðherra um Suðvesturlínu, 11. mál.

Umsögn Reykjanesbæjar er svohljóðandi:

Bæjarráð Reykjanesbæjar styður heilshugar framkomna tillögu til þingsályktunar um að umhverfisráðherra afturkalli þá ákvörðun að fela Skipulagsstofnun að úrskurða að nýju um hvort fram skuli fara sameiginlegt mat á Suðvesturlínu, tengdum virkjunum og öðrum framkvæmdum.

Suðvesturlínur eru mikilvæg tenging byggða á Suðurnesjum við raforkuflutningskerfi landsins m.a. vegna mikillar fjölgunar íbúa á undanförmum árum, aukinna umsvifa flugstöðvar Leifs Eiríkssonar og tengdrar starfsemi auk þess sem línan er forsenda fjölmargra nýrra atvinnutækifæra sem unnið hefur verið að m.a. í Reykjanesbæ svo sem vegna álvers í Helguvík, ksilvers í Helguvík, gagnavers á Ásbrú svo eitthvað sé nefnt. Allt ofangreint eru tengdar framkvæmdir vegna línulagnarinnar og munu tengjast henni á einn eða annan hátt í framtíðinni.

Með úrskurði umhverfisráðuneytisins frá apríl s.l. var ákveðið að álversframkvæmdir í Helguvík skyldu ekki fara í sameiginlegt mat með tengdum framkvæmdum s.s. Suðvesturlínum þrátt fyrir að línulögnin væri mikilvæg forsenda fyrir tilveru álversins. Það skýtur því skökku við nú ef Suðvesturlínur eiga að fara í sameiginlegt mat með verkefnum sem ekki eru á neinn hátt forsenda línulagnarinnar eða tengjast henni aðeins óbeint.

Bæjarráð telur að ákvörðun umhverfisráðherra sé allt í senn, óþörf, óæskileg og óeðlileg um leið og hún hefur mjög neikvæð áhrif á uppbyggingu atvinnutækifæra í Reykjanesbæ sem eru sérstaklega mikilvæg þegar atvinnuleysi er eins almennt og nú er.

Bæjarráð Reykjanesbæjar vísar til og tekur undir ályktun aðalfundar Sambands sveitarfélaga á Suðurnesjum frá 17. október s.l. þar sem segir m.a.: "Aðalfundurinn kréfst þess að ríkisstjórnin afturkalli nú þegar ákvörðun umhverfisráðherra sem tefur vinnu við raforkulagnir um Suðurnes. Uppbygging atvinnulífsins á Suðurnesjum er háð límulögnum og öll lög á lagningu þeirra er atлага að uppbyggingu atvinnulífs á svæðinu."

Ofangreint tilkynnst hér með

f.h. Reykjanesbæjar

Elisabet Magnúsdóttir

Elisabet Magnúsdóttir
Ritari bæjarstjóra